

VAGG OG VELTA – rokkárin á Íslandi

Rokkbylgjan sem skall á landinu af fullum þunga vorið 1957 fól í sér mikla ögrun við íslenskt samfélag. Sjötti áratugurinn var tími hafta og þjóðrækni, en rokkið boðaði algera andstæðu þess, hömluleysi og alþjóðavæðingu. Auk þess fundu unglingar í fyrsta sinn hverju þeir gátu fengið áorkað með því að skapa eigin menningu. Hugtakið táningur varð til og tilheyrandi tíska. Hömlulaus tjáning rokkisins birtist sem uppreisn fyrir mörgum foreldrum á þessum tíma og þeir upplifðu rokkið sem ögrun við þá brothættu framtíð sem við blasti í haftasamfélaginu.

Útvarpsdagskráin var blanda af þjóðlegum fróðleik og klassískri tónlist. Það dundu skammirnar á Ríkisútvarpinu þegar lag með Elvis var leikið þar fyrst árið 1956 í þætti Jónasar Jónassonar og Hauks Morthens. Það eru þó alltaf undantekningar frá reglunni, kaþólskur prestur í Landakoti, Hákon Loftsson, hringdi í þáttarstjórnendur sérstaklega til að lýsa hrifningu sinni á Elvis. Reynt var að halda unga fólkinu heima við með því að bæta óskalaþætti inn á dagskrána sem varð upphafið að *Lögum unga fólksins*, einum langlífasta þættinum á dagskrá Ríkisútvarpsins.

Ritskoðun á dægurlagatextum á Ríkisútvarpinu vekur furðu í dag. Í tíðarandanum fólst að fólk ætti ekki að opna upp á gátt fyrir erlendum menningarstraumum og ósiðsemi sem lesa mætti á milli línanna. Textar við lögin „*Vagg og velta*” með Erlu Þorsteinsdóttur og „*Allt á floti*” með Skapta Ólafssyni voru bannaðir og ekki mátti leika lögin í Ríkisútvarpinu. Afleiðingin varð sú að plöturnar seldust enn betur. Dramatískar aðgerðir á borð við það að brjóta plötur í beinni útsendingu vegna meintrar ósiðsemi eða vanvirðingar við þjóðskáld tíðkuðust í þá daga, minna nú einna helst á einangrunarstefnu alræðisríkja. En í slíkum aðgerðum má líka finna samsvörun við McCarthy-ismann í sjálfu landi frelsisins sem gat af sér vaggið og veltuna.

Keflavíkurútvarpið var með þá tónlist á boðstólum sem æsku landsins þyrsti í. Gætti togstreitu á milli þess og Ríkisútvarpsins, einkum þegar beinar útsendingar voru frá *Civilian Club* á föstudagskvöldum þar sem *KK-sextettinn* lék og hlustun á Ríkisútvarpið mældist vart á Faxaflóasvæðinu. Fleiri íslenskar hljómsveitir á borð við fyrstu útgáfu *Hljóma* komu fram í Keflavíkurútvarpinu og auk KK kom Þorsteinn Eggertsson fram í sjónvarpi hersins með hljómsveit sinni *Beatniks*. Íslendingar sátu einnig hinum megin hljóðnemans á Vellinum. Ólafur Stephensen sá um útvarpsþátt í Keflavíkurútvarpinu á tímabili undir dulnefninu Sonny Greco.

Bandarískar rokkbímyndir sem sýndar voru í Reykjavík vorið 1957 og rokkónleikar hins breska Tony Crombie og hljómsveitar hans, *The Rockets*, í Austurbæjarbíói það sama vor, gerðu það að verkum að sannkallað rokkæði greip um sig hjá íslenskum unglingum. Þá kom Helena Eyjólfsdóttir fyrst fram og ákvað að helga sig tónlistinni. Dansþör eins og Sæmi rokk og Lóa fóru að sýna listir sínar, hvort sem það var í bíósölum, á tónleikum eða dansleikjum.

Vinsælustu danshljómsveitir landsins, *KK-sextettinn*, *Hljómsveit Svavars Gestis* og fleiri þekktar sveitir, gáfu ungum söngvurum tækifæri til að spreyta sig á sviðinu. Elly Vilhjálms sló fyrst í gegn í prufu hjá KK nokkrum árum áður en rokkæðið skall á. En með rokkinu kom fram fjöldi ungra söngvara sem gerði út á það að „ná vel” hinum og þessum rokkstjörnum. Óli Ágústsson og Þorsteinn Eggertsson voru báðir kenndir við Elvis Presley; Garðar Guðmundsson var kallaður hinn íslenski Tommy Steele og Siggí Johnnie náði vel ýmsum stjörnum meðal blökkumanna og málaði sig jafnvel í framan með skósvertu því til áréttingar. *KK-sextettinn* var með prufur fyrir unga söngvara, einskona Idol-keppni þess tíma og kom Mjöll Hólm fyrst fram á slíkri skemmtun í Austurbæjarbíói og einnig t.d. Silja Aðalsteinsdóttir, nú ritstjóri og rithöfundur. Skapti Ólafsson og hljómsveit hans fengu líka unga söngvara eins og Harald G. Haralds og Stefán Jónsson, síðar í Lúdó, upp á svið.

